
ÁRSSKÝRSLA FÍLA 2022-2023



ÁRSSKÝRSLA FÍLA 2022-2023

lögð fram á 45. aðalfundi Félags íslenskra landslagsarkitekta

fimmtudaginn 27. apríl 2023 í Grósku, Bjargargötu 1

Efnisyfirlit

1. Félagið og verkaskipting	4
2. Stjórnarfundir FÍLA	8
3. Fulltrúaráðsfundur FÍLA	8
4. Félagsfundir og viðburðir FÍLA	8
5. Norrænir fundir	9
6. IFLA Alþjóðlegt samstarf	10
7. Aðrir viðburðir	10
8. Félagsmenn og nýliðun	10
9. Samkeppnisreglur FÍLA og samkeppnismál	11
10. Kynningarmál	12
11. Samráð, samstarf og samskipti	12
12. Verðlaun og viðurkenningar	13
13. Miðstöð Hönnunar og Arkitektúrs	14
14. Siðanefndarmál	14
15. Framtíðarsýn og næstu verkefni	15
16. Viðaukar:	16
I. DAGSKRÁRNEFND FÍLA	17
II. LAGANEFND FÍLA	19
III. SAMKEPPNISNEFND FÍLA	19
IV. MENNTANEFND FÍLA	21
V. IFLA FULLTRÚI	22
VI. FULLTRÚI FÍLA Í HÖNNUNARMÍÐSTÖÐ	28
VII. ORÐANEFND FÍLA	30
VIII. GARÐSÖGUHÓPUR FÍLA	31
IX. SIÐANEFND FÍLA	31

Stjórn FÍLA

Ómar Ingbórsson, formaður

Daníel Jakobsson, ritari

Gunnar Gunnarsson, gjaldkeri

Ásta Camilla Gylfadóttir, meðstjórnandi

Halla Hrund Pétursdóttir, meðstjórnandi

1. Félagið og verkaskipting

Aðalfundur er æðsta vald í öllum málefnum félagsins.

A. Skipan stjórnar

Stjórn 2022-2023:

Ómar Ingþórsson, formaður

Daníel Jakobsson, ritari

Gunnar Gunnarsson, gjaldkeri

Ásta Camilla Gylfadóttir, formaður menntanefndar og meðstjórnandi

Halla Hrund Pétursdóttir, formaður dagskrárnefndar og meðstjórnandi

B. Fastanefndir – hlutverk, markmið og skipan starfsárið 2022-2023

Kallað var eftir skýrslum nefnda og eru þær sem bárust í viðauka aftast í skýrslu stjórnar.

Dagskrárnefnd:

Hlutverk dagskrárnefndar er að skipuleggja og sjá um faglegt innra starf félagsins. Setja upp dagskrá fyrir starfsárið og útvega gestafyrirlesara inn á félagsfundi ofl. tengt þeim.

Nefndina skipa:

Halla Hrund Pétursdóttir, formaður (hefur óskað eftir að láta af störfum í nefndinni)

Marta María Jónsdóttir (hefur óskað eftir að láta af störfum í nefndinni)

Ulla Rolfsigne Pedersen (hefur óskað eftir að láta af störfum í nefndinni)

Gunnar Kári Oddsson (sagði sig frá nefndinni síðla árs 2022)

Aðalheiður E. Kristjánsdóttir (kemur ný inn í nefndina)

Ennþá vantar tvö nýja nefndarstarfsmenn til þess að nefndin sé fullskipuð starfsárið 2023-2024.

Samkeppnisnefnd:

Annast tengslamál innan félagsins og utan og kynnir stöðu þess og störf landslagsarkitekta. Samkeppnisnefnd fer með umboð félagsins í samkeppnum á vegum þess.

Nefndina skipa:

Hlín Sverrisdóttir (formaður)

Björn Ingi Edvardsson

Ólafur Melsted

Laganefnd:

Fjallar um breytingar á lögum FÍLA auk þess að fjalla um lagaleg erindi sem berast FÍLA og varðar lög og reglugerðir frá Alþingi og stofnunum samfélagsins.

Nefndina skipa:

Ingvar Ívarsson (formaður)
Sigurbjörg Ósk Áskelsdóttir
Gísli Gíslason (kemur nýr inn)

Menntanefnd:

Nefndin fer með menntamál landslagsarkitektastéttarinnar, umsjón með inntöku nýrra félaga í FÍLA. Heldur tengsl við helstu menntastofnanir sem mennta landslagsarkitekta.

Nefndina skipa:

Ásta Camilla Gylfadóttir (formaður)
Ragnar Frank Kristjánsson
Hildur Dagbjört Arnardóttir

C. Nefndir um afmörkuð málefni.

Orðanefnd:

Safnar og setur í orðabanka fagorð á sviði landslagsarkitektúrs, er tengiliður FÍLA við Íslenska málstöð og Orðabók Háskólans.

Nefndina skipa:

Auður Sveinsdóttir (formaður)
Áslaug Traustadóttir
Stefán Jónsson
Áslaug Katrín Aðalsteinsdóttir

Siðanefnd:

Fer með siðferðileg álitamál sem upp koma. Sker úr um ágreining samkvæmt ákvæðum siðareglna félagsins.

Nefndina skipa:

Þórólfur Jónsson
Erla Bryndís Kristjánsdóttir
Guðmundur Rafn Sigurðsson
Áslaug Traustadóttir

Skoðendur reikninga FÍLA:

Samkvæmt lögum félagsins.

Skoðendur starfsárið 2022-2023:

Finnur Kristinsson

Þórólfur Jónsson

D. Vinnuhópar / verkefnastjórnun:

Hönnunarmars 2022 og 2023

Hönnunarmars var haldin vikuna 4. – 8. maí 2022 og var félagið ekki með viðburð á Hönnunarmars það árið heldur málþing á eigin vegum nokkru áður. Árið 2023 fer Hönnunarmars fram daganna 3. – 7. maí og nú er ljóst að á þessu ári verður FÍLA ekki með sjálfstæðan viðburð á Hönnunarmarsinum.

Hins vegar verður lagt upp með að FÍLA yrði með árið 2023 og unnið með hugmyndina að gera viðburð í kringum hundrað ára afmæli Jóns H. Björnssonar. Sú vinna leiddi til þess að sá viðburður eignaðist eigið líf og endar í sjálfstæðri sýningu sumarið 2023.

Netumsjón og heimasíðan

Ritari FÍLA sér um heimasíðu og netumsjón. Ný heimasíða Miðstöðvar hönnunar og arkitektúrs opnaði í maí 2020. Þar er gert ráð fyrir að fagfélögin geti hýst sínar heimasíður. FÍLA hefur ekki hýst sína heimasíðu hjá Miðstöð hönnunar, en til stendur að endurnýja heimasíðu FÍLA frá grunni sökum þess að heimasíðan er orðin það gömul að forritin sem halda utan um núverandi heimasíðu styður ekki við nauðsynleg hliðarforrit heimasíðunnar.

Evrópski landslagssáttmálinn (ELC)

Íslensk stjórnvöld fullgiltu Landslagssamning Evrópu á vormánuðum árið 2019. Samningnum er ætlað að stuðla að verndun, stýringu og skipulagi landslags ásamt því að koma á fót evrópsku samstarfi um landslag. FÍLA er með tengiliði og fulltrúa við stjórnvöld og opinberar stofnanir vegna kynningar á sáttmálanum eru:

Fulltrúar starfsárið 2022-2023:

Einar E. Sæmundsson

Auður Sveinsdóttir

Garðsöguhópur.

Hópurinn hefur nú unnið sér sess sem fastanefnd innan FÍLA og gaf á síðasta ári út skýrsluna *Garðar lifandi minjar*, sem er árangur nokkurra ára vinnu og byggir á viðamikilli heimildasöfnun um garða og varðveislu þeirra. Nefndin hefur samskipti við Minjastofnun varðandi varðveislu og friðun garða samkvæmt lögum um minjavernd. Fulltrúar garðsöguhópsins hafa beitt sér fyrir því að í lögum um menningarminjar verði sett ákvæði sem heimilar verndun og friðun lifandi minja s.s. trjálunda, stakra trjáa og garðagróðurs. Frumvarp

Þess efnis var tekið fyrir á yfirstandandi þingi og er nú í lokameðferð þingsins. Fulltrúar hópsins eru einnig í rýnihópi á vegum Minjastofnunar um framtíðar verkefni stofnunnar.

Fulltrúar starfsárið 2022-2023:

Einar E. Sæmundsen
Auður Sveinsdóttir
Ásta Camilla Gylfadóttir

Fulltrúi FÍLA í ritstjórn danska tímaritsins Landskab

Fulltrúi starfsárið 2022-2023:

Ulla R. Pedersen (hefur óskað eftir að stíga til hliðar sem fulltrúi FÍLA)
Daníel Jakobsson mun koma í stað hennar fyrir starfsárið 2023-2024.

E. Fulltrúar FÍLA í stjórnnum utan félags

IFLA - fulltrúi

FÍLA hefur frá upphafi tekið þátt í alþjóðlegu samstarfi landslagsarkitektafélaga, þ.e. IFLA Europe og IFLA World. IFLA-fulltrúi FÍLA er tengiliður félagsins við IFLA og IFLA Europe.

Fulltrúi starfsárið 2022-2023:

Fríða Björg Eðvaldsdóttir

Fulltrúi FÍLA í Miðstöð Hönnunar og arkitektúrs

Hönnunarmiðstöð Íslands var sett á laggirnar 15. janúar 2008. Hönnunarmiðstöð er sameiginlega í eigu hönnunarfélaganna á landinu og er mikil gróska í starfseminni frá stofnun miðstöðvarinnar. Fulltrúi FÍLA sér um tengsl félagsins við Hönnunarmiðstöðina.

Fulltrúi starfsárið 2022-2023:

Inga Rut Gylfadóttir

Sveinsprófsnefnd í skráðgarðyrkju við starfsmenntunarbraut LBHÍ

Hefur umsjón með undirbúningi og fyrirkomulagi sveinsprófa.

Fulltrúi undanfarin ár hefur verið Elízabet Guðný Tómasdóttir

Fagnefnd skráðgarðyrkjubrautar við LBHÍ

Fulltrúi 2022-2023 er Gunnar Gunnarsson og Ólafur Melsted til vara.

Stjórn Myndstefs

Fulltrúi í myndstefi starfsárið 2022-2023 er formaður FÍLA.

Höfundaréttarráð

Fulltrúi FÍLA starfsárið 2022-2023 er Oddur Hermannsson

Votlendisráð

Fulltrúi FÍLA í votlendisráði starfsárið 2022-2023 er Guðrún Birna Sigmarsdóttir.

2. Stjórnarfundir FÍLA

Haldnir voru 8 stjórnarfundir á starfsárinu 2022-2023 fram að aðalfundi 2023. Fundirnir voru bæði staðfundir á vinnustöðum nefndarmanna og fjarfundir á Teams.

3. Fulltrúaráðsfundur FÍLA

Enginn formlegur fulltrúaráðsfundur var haldinn í ár.

Formenn nefnda skipa fulltrúaráð FÍLA sem hittist einu sinni á ári með stjórn til þess að samræma starfsemi FÍLA. Nefndirnar skulu starfa samkvæmt starfsreglum sem stjórn FÍLA ákveður í samráði við viðkomandi nefnd. Starfsreglur skulu staðfestar á félagsfundi.

4. Félagsfundir og viðburðir FÍLA

Öllum takmörkunum var Covid-19 faraldrinum var endanlega aflétt á árinu og nú hefur eðlilegt dagskrárstarf félagsins tekið við.

Fundur I 11. október 2022

Opinn fundur til þess að taka stöðu ýmissa mála hjá FÍLA og setja í farveg frekari vinnu eftir þörfum. Fundur haldin í húsakynnum Eflu. Um 25 félagsmenn mættu.

Umræða kvöldsins:

Menntamál

- Fríða og Ómar kynntu samantekt frá Norrænum fundi í ágúst 2022.

Starfssvið og eftirspurn

- Er næg eftirspurn / eru aðrir að taka okkar vinnu
- Eigum við að vera duglegri að koma okkur í fremstu línu og stýra verkum. Sjá stöðu landslagsarkitekta erlendis.

Endurmenntun / Tækniþróun

- Hvaða forrit eru stofur að nota og hver er framtíðarsýn þeirra í þrívídd
- Opin umræða um Auto cad Civil/ Revit og önnur forrit, kosti og galla

Sýnileiki og kynningarmál

- Uppfæra heimasíðuna – Ný heimasíða
- Instagramsíða / góð kynning á okkur og okkar verkum

Aðrir umræðupunktar

Hönnunarmars /Jón H Björnsson 100 ára / Utanlandsferð (fagferð) /Endurmenntunarstyrkir

Fundur II 25. nóvember 2022

Haldinn var léttur jólahittingur í Höfuðstöðinni, lista- og menningarhús í gömlu kartöflugeymslunum í Elliðaárdalnum, og mættu 23 Fíla meðlimir. Var opið á sýninguna Chromo Sapiens, innsetning sem er hönnuð af Hrafnhildi Arnardóttir.

Fundur III - 1. febrúar 2023

Kynningarfundur um hönnunarforritið Revit. Fundur haldinn í húsakynnum Verkís í stóra salnum hjá þeim og mættu um 50 félagsmenn en fundinum var einnig streymt á Teams. Fyrirlesarinn Liran Drori kynnti Revit þrívíddarforritið en hún er með Bc gráðu í landslagsarkitekt frá Ísrael og kennir Revit fyrir landslagsarkitekta þar úti. Árni Guðmundur hjá NTI kynnti Revit grunnnámskeiðin sem í boði eru hjá þeim ásamt Environment viðbótinu fyrir landslagsarkitekta.

Fundur IV – 23. mars 2023

Bjórhittingur á Jörgensen Kitchen & Bar sem er við Hlemm þar sem var létt umræða um málefni félagsins á líðandi stundu.

5. Norrænir fundir

Norrænn starfsfundur formanna og IFLA fulltrúa aðildarfélaganna var haldinn í Helsinki á Finlandi daganna 18-19. ágúst 2023.

Helstu samstarfsverkefni norrænu félaganna eru eftirfarandi:

- Menntamál landslagsarkitekta á Norðurlöndunum.
- Stuðningur og tilnefningar til norrænna fulltrúa í IFLA.
- Stuðningur og verkefnaval til að auka sýnileika IFLA.
- Umræður og vinnuhópur um orkulandslag á norðurlöndum og málstofa því tengdu.
- Sameiginleg fagleg umræða.

6. IFLA Alþjóðlegt samstarf

IFLA Europe

Fundur IFLA Europe var haldinn í Helsinki á Finlandi daganna 13-15. október 2023, ásamt ráðstefnu því samhliða. Fríða Björg Eðvarðsdóttir IFLA fulltrúi sótti fundinn ásamt formanni FÍLA Ómari Ingbórssyni.

Mínum enn á nýja heimasíðu IFLA Europe, og er slóðin www.iflaeurope.eu.

7. Aðrir viðburðir

Þann 7. desember 2022 var fyrirlestur sem fulltrúi FÍLA hélt um aðgengismál haldinn í Listaháskóla Íslands. Fyrirlesturinn var hluti af fyrirlestraröð um aðgengismál í víðum skilningi sem haldin var í samstarfi við ÓBÍ, AÍ og félagi innanhúsarkitekta.


8. Félagsmenn og nýliðun

Félagsmenn í FÍLA við lok starfsársins 2022-2023 eru samtals **93**.

Fjöldi fullgildra félagsmanna án undanþága er **74** (þ.e. þeir sem greiða C og D-gjald teljast ekki með í þeirri tölu og telst vera opinber fjöldi félagsmanna FÍLA innan IFLA). Neðangreindar upplýsingar hér í töflunni fyrir árið 2022 miðast við 21. des 2022. Tvær umsóknir bárustust um inngöngu í félagið á síðastliðnu starfsári og einn sagði sig úr félaginu.

Skipting:	2023	2022	2021	2020	2019
A-gjald er fullt félagsgjald	66	67	68	68	67
B-gjald er 80% af fullu félagsgjaldi og um það geta sótt félagar sem eru búsettir í lengra en 100 km fjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu.	4	4	4	4	4
· C-gjald er 50% af fullu félagsgjaldi. Um það geta sótt: - félagar sem eru búsettir erlendis. - nýir félagar fyrstu tvö árin eftir útskrift. - félagar sem vegna sérstakra aðstæðna, sem stjórn telur gildar, hafa þörf fyrir lækkun árgjalds.	9	10	9	7	8
D-gjald er 20% af fullu félagsgjaldi og er fyrir námsmenn.	5	5	6	10	11
Heiðursfélagar og félagar 65 ára og eldri , er hafa verið a.m.k. 10 ár í félaginu, eru undanþegnir félagsgjaldi.	9	4	4	4	4

Tafla 1. Taflan sýnir dreifingu félagsmanna og greiðsluflokka félagsins sbr. A, B, C, eða D-gjald. Nokkuð mikil breyting er að verða á næstu árum þar sem félagsmönnum er ekki að fjölga mikið en þeir eru að eldast, sem þýðir að færri félagsmenn greiða í félagsgjöld til félagsins.



Tafla 2. Hvað varðar aldursdreifingu félagsmanna þá er nýliðum undir því sem eðlilega getur talist í nýliðun starfsstéttar. Stórir árgangar eru komnir við það að falla út af atvinnumarkaði og þeir árgangar sem eru að koma inn er mun minni, á sama tíma og eftirspurnin eftir landslagsarkitektum eykst.

9. Samkeppnisreglur FÍLA og samkeppnismál

Ekki voru haldnar samkeppnir á vegum félagsins á árinu en önnur verkefni samkeppnisnefndar á síðasta starfsári voru eftirfarandi:

Samkeppninefnd FÍLA var í viðræðum við verkefnisstjóra fyrir þróun Keldnalandins allt frá því að ákveðið var að efna til alþjóðlegrar samkeppni um heildarþróun svæðisins.

Einnig var vinnustofa um fyrirkomulag hönnunarsamkeppna haldin á vegum Miðstöðvar hönnunar og arkitektúrs og Ríkiskaupa. Um er að ræða samstarf Ríkiskaupa, Miðstöðvar hönnunar og arkitektúrs, Arkitektafélags Íslands, Framkvæmdasýslunnar - Ríkiseigna og Samtaka arkitektastofa um framtíðar fyrirkomulag hönnunarsamkeppna hins opinbera.

Aí óskaði eftir að FÍLA tilnefndi fulltrúa í samkeppni um Fossvogslaug. Svanhildur Gunnlaugsdóttir er dómnefndarfulltrúi FÍLA í samkeppninni.

Klasi þekkingarfyrirtæki í þróun fasteigna óskaði eftir tilnefningu fulltrúa Fíla í hönnunarsamkeppni Borgarhöfða, Akranesi. Ólafur Melsted var dómnefndarfulltrúi Fíla í þeirri samkeppni.

Sjá nánar skýrslu samkeppnisnefndar í viðauka.

10. Kynningarmál

Heimasíða FÍLA

Heimasíðan er lykill að upplýsingum um hvað félagið hefur að bjóða bæði almennum notendum og félagsmönnum. Ritari FÍLA hefur séð um að koma fréttum og málefnum þar inn. Að undanfögnu hefur verið til skoðunar og í undirbúningi að flytja heimasíðuna undir heimasíðu Hönnunarmiðstöðvar, þar sem hin aðildarfélögin hafa einnig sínar heimasíður. Á heimasíðu hönnunarmiðstöðvarinnar er unnið með Kodo í forritun á nýju síðunni en síðan sjá þau sjálf um að útbúa veftré, flokka og setja inn á síðuna.

Unnið er með 2 möguleika. Að hafa grunnupplýsingar undir Hönnunarmiðstöð og síðan tengil inn á okkar heimasíðu. Eða að flytja heimasíðuna undir heimasíðu Hönnunarmiðstöðvar (eins og Aí hefur gert) en þá þarf samt að tryggja að ef slegið er inn fila.is, þá flytjist notandi sjálfkrafa inn á rétta heimasíðu.

Facebooksíða FÍLA

Facebooksíðan FÍLA – hópur fyrir félagsmenn, er virk og setja félagsmenn þar fréttir og tilkynningar. Þar geta allir sett inn tilkynningar og efni skylt faginu og fésbókin er lifandi miðill sem er hægt að nota, en á þó ekki að koma í stað heimasíðu. Það hefur komið til tals að virkja síðu sem myndi ná útfyrir félagsmenn og vera kynningarsíða og verður það skoðað í tengslum við nýja heimasíðu undir hatti Hönnunarmiðstöðvar.

11. Samráð, samstarf og samskipti

Samvinna AÍ, FHI, FÍLA og FB við Öryrkjabandalagið og Mannvirkjastofnun

Á síðasta ári fór fram röð málstofa um aðgengismál sem aðildarfélögin stóðu að. Samstarfið mun halda áfram og gert ráð fyrir að farið verði í vinnu við endurskoðun á gögnum er varðar aðgengismál.

Samvinna LBHÍ og FÍLA

Á þessu starfsári hefur Hermann Georg Gunnlaugsson látið að störfum sem brautarstjóri, og Kristín Pétursdóttir horfið til annarra starfa. Stjórn FÍLA hefur ekki fundað með stjórnendum á Hvanneyri og ekki er vitað hvernig undirbúningur um endurnýjun á viðurkenningu á náminu frá IFLA Europe stendur, né hve staðan er hvað varðar mönnun á kennslu stendur.

Fulltrúar úr stjórn FÍLA og garðsöguhópi FÍLA funduðu með brautarstjóra haustið 2021 um málefni friðlýsinga garða og verndaráætlana sem gera þarf í framhaldi af friðlýsingunum. Brautarstjóri sótti í framhaldi um styrk í Nýsköpunarsjóð námsmanna og fékk úthlutað styrk til fjögurra nemenda til að vinna að verkefninu „Verndaráætlanir friðlýstra garða“.

Fagráð votlendissjóðs. Í fagráði votlendissjóðs sitja Bjarni Jónsson – framkvæmdastjóri votlendissjóðs, Borgþór Magnússon – Náttúrufræðistofnun Íslands, Jón Haukur Steingrímsson – EFLA, Tómas Grétar Gunnarsson – Rannsóknasetri Háskóla Íslands á Suðurlandi, Sunna Áskellsdóttir – Landgræðsla ríkisins og Guðrún Birna Sigmarsdóttir – FÍLA.

12. Verðlaun og viðurkenningar

Reynir Vilhjálmsson var sæmdur heiðursverðlaunum Hönnunarverðlauna Íslands 2022 við hátíðlega athöfn í Grósku þann 17. nóvember 2022. Við þessa athöfn lét ráðherra menningar og viðskipta þessi orð falla:

Reynir er brautryðjandi í landslagsarkitektúr á Íslandi og spor hönnunar hans og áhrifa liggja víða. Hann er meðal allra fyrstu íslensku landslagsarkitektanna og eftir hann liggja fjölmörg verk, allt frá skipulagi íbúðahverfa og umhverfishönnun innan þeirra, görðum, útivistarsvæðum og leiksvæðum til stærri umhverfisverka eins og snjóflóðavarnargarða. Reynir er næmur á hvernig móta má byggt umhverfi og landslag svo úr verði ein samfelld heild.

Reynir er fæddur í Reykjavík árið 1934. Hann lauk garðyrkjunámi frá Garðyrkjuháskóla ríkisins að Reykjum í Ölfusi árið 1953 og framhaldsnámi við Det kongelige haveveselskabs anlægsgartnerskole 1955. Árið 1961 lauk hann prófi í landslagsarkitektúr frá Det Kongelige Kunstakademis Arkitektskole í Kaupmannahöfn. Reynir starfaði um tíma í Danmörku og við skipulagsstörf á Grænlandi. Þegar Reynir snéri heim til Íslands stofnaði hann fljótlega eigin stofu, Teiknistofu Reynis Vilhjálmssonar, árið 1963 en árið 1989 hóf hann rekstur á stofunni Landslagsarkitektar Reynir Vilhjálmsson og Þráinn Hauksson og var síðar stofnandi teiknistofunnar Landslags árið 1999. Í starfi sínu í Danmörku kynntist Reynir þverfaglegu samstarfi arkitekta, landslagsarkitekta og verkfræðinga og tileinkaði sér það í störfum sínum alla tíð.

Við heimkomuna var Reynir í hópi sérfræðinga sem lögðu grunn að aðalskipulagi Reykjavíkurborgar, sem þá var unnið í fyrsta sinn, og kom einnig að skipulagi Árbæjarhverfis og Bakkahverfisins í Breiðholti. Reynir hefur á ríflega fjörutíu ára ferli verið grundvöllur græna svæða Reykjavíkurborgar og manneskjulegu og skjólgóðu umhverfi þar. Hann hefur mótað nokkur af helstu útivistarsvæðum borgarinnar; Elliðaárdalinn, Laugardalinn og Klambatún.

Reynir hefur alla tíð verið atkvæðamikill í félagsstarfi og árið 1978 stofnaði hann ásamt fleirum Félag íslenskra landslagsarkitekta, FÍLA, og var fyrsti formaður þess. Reynir hefur verið lærifaðir margra landslagsarkitekta og annarra þeirra sem móta manngert umhverfi.

Í verkum sínum hefur Reynir ávallt veitt athygli þeim fjölmörgu atriðum sem tryggja gæði manngerðs umhverfis; m.a. hugað að vindum og veðri, aðgengi barna að leik- og útisvæðum og tengslum einkasvæða við almenningssvæði. Í fyrstu skipulagsverkunum sem Reynir kom að var lagður grunnurinn að þeim grænu svæðum sem enn prýða borgina. Reynir hefur unnið með fjölda arkitekta að þróun garða og umhverfis bygginga og haft þar afgerandi áhrif á gæði þess umhverfis sem borgarlandslagið býður upp á. Þar hefur áherslan alltaf verið á bygginguna, landslagið og umhverfið sem eina heild, þar sem innra og ytra rými spila saman. Þá eru verk eins og Þjóðarbókhlaðan lifandi dæmi um hönnun Reynis, getu hans til að búa til áhugaverð og óvænt rými í stærra samhengi umhverfis sem mótað er úr grjóti, tröðum og gróðri. Á hinum enda skalans má nefna snjóflóðavarnargarðana á Siglufirði. Þeir eru dæmi um landslagsinnngrip, sem sýna um leið bæði landi og aðstæðum virðingu og opna á nýja möguleika til að nýta landið og umhverfið.

Reynir var sæmdur riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu árið 2010 fyrir frumherjastörf við skipulag og mótun umhverfis. Þá hafa verk hans unnið til verðlauna á alþjóðavísu, m.a. voru

snjóflóðavarnargarðarnir á Siglufirði tilnefndir árið 2003 til evrópskra verðlauna í landslagsarkitektúr, Barba Rosa-European Landscape Prize en garðarnir hlutu þar sérstaka viðurkenningu. Reynir er frumkvöðull á sviði landslagsarkitektúrs á Íslandi og hefur haft mikil áhrif á íslenskt borgarlandslag og skipulag sem við munum njóta um ókomna tíð.

Lilja Dögg Alfreðsdóttir



Við verðlaunaathöfnina las Lilja Dögg Alfreðsdóttir, menningar -og viðskiptaráðherra upp ofangreindan texta um Reyni. (Mynd: Miðstöð hönnunar og arkitektúrs)

13. Miðstöð Hönnunar og Arkitektúrs

Sjá nánar skýrslu fulltrúa í Hönnunarmiðstöð.

14. Siðanefndarmál

Engin mál komu fyrir siðanefnd í ár.

15. Framtíðarsýn og næstu verkefni

Næstu verkefni er Norræn stjórnarfundur í 17-18 ágúst 2023. Samhliða fundinum verður blásið til málþings með vinnuheitið „1 í plús“

Farið í naflaskoðun hvað varðar lög og reglur hvað varðar aðild að félaginu, til þess að bregðast við fækkun félagsmanna.

Heimasíða og kynningarmál. Fara í vinnu að endurnýja heimasíðuna frá grunni og koma á nýju einbætti sem bera heitið samfélagsmiðlastjóri/stjarna FÍLA. Anna Kristín Guðmundsdóttir mun halda utan um það starf í samvinnu við ritara félagsins.

16. Viðaukar:

Skýrslur nefnda og vinnuhópa:

- I. Dagskrárnefnd
- II. Laganefnd
- III. Samkeppnisnefnd
- IV. Menntanefnd
- V. IFLA-fulltrúi
- VI. Fulltrúi FÍLA í Hönnunarmiðstöð
- VII. Orðanefnd
- VIII. Garðsöguhópur FÍLA
- IX. Siðanefnd

I. DAGSKRÁRNEFND FÍLA

Halla Hrund Pétursdóttir (formaður), Marta María Jónsdóttir og Ulla Rolfsigne Pedersen

Skýrsla dagskrárefndar FÍLA starfsárið 2022-2023.

Dagskrárefnd FÍLA

Dagskrárefnd sér um að skipuleggja og halda utan um innra starf félagsins. Skipuleggja dagskrá fyrir veturinn og fá m.a. áhugaverða gestafyrirlesara á félagsfundi.

Skýrsla fyrir starfsárið 2022-2023 vegna aðalfundar 27.maí 2023

Fundur I - 11.Október2022

Opinn fundur til þess að taka stöðu ýmissa mála hjá FÍLA og setja í farveg frekari vinnu eftir þörfum. Fundur haldin í húsakynnum Eflu. Um 25 félagsmenn mættu.

Umræða kvöldsins:

Menntamál

- Fríða og Ómar kynntu samantekt frá Norrænum fundi í ágúst 2022.

Starfssvið og eftirspurn

- Er næg eftirspurn / eru aðrir að taka okkar vinnu
- Eigum við að vera duglegri að koma okkur í fremstu línu og stýra verkum. Sjá stöðu landslagsarkitekta erlendis.

Endurmenntun / Tækniþróun

- Hvaða forrit eru stofur að nota og hver er framtíðarsýn þeirra í þrívídd
- Opin umræða um Auto cad Civil/ Revit og önnur forrit, kosti og galla

Sýnileiki og kynningarmál

- Uppfæra heimasíðuna – Ný heimasíða
- Instagramsíða / góð kynning á okkur og okkar verkum

Aðrir umræðupunktur

Hönnunarmars /Jón H Björnsson 100 ára / Utanlandsferð (fagferð) /Endurmenntunarstyrkir

Fundur II - 25. Nóvember 2022

Haldinn var léttur jólahittingur í Höfuðstöðinni, lista- og menningarhús í gömlu kartöflugeymslunum í Elliðaárdalnum, og mættu 23 Fíla meðlimir. Var opið á sýninguna Chromo Sapiens, innsetning sem er hönnuð af Hrafnhildi Arnardóttir.

Fundur III - 1.Febrúar 2023

Kynningarfundur um hönnunarforritið Revit. Fundur haldinn í húsakynnum Verkís í stóra salnum hjá þeim og mættu um 50 félagsmenn en fundinum var einnig streymt á Teams. Fyrirlesarinn Liran Drori kynnti Revit þrívíddarforritið en hún er með Bc gráðu í landslagsarkitekt frá Ísrael og kennir Revit fyrir landslagsarkitekta þar úti. Árni Guðmundur hjá NTI kynnti Revit grunnnámskeiðin sem í boði eru hjá þeim ásamt Environment viðbótinu fyrir landslagsarkitekta.

II. LAGANEFND FÍLA

Ingvar Ívarsson (formaður) og Sigurbjörg Ósk Áskelsdóttir

Skýrsla laganefndar FÍLA starfsárið 2022-2023.

Nefndarskipan var óbreytt frá fyrra starfsári. Ekkert erindi barst nefndinni á starfsárinu.

III. SAMKEPPNISNEFND FÍLA

Hlín Sverrisdóttir (formaður), Björn Ingi Edvardsson og Ólafur Melsted.

Skýrsla samkeppnisnefndar FÍLA starfsárið 2022-2023.

Nefndarskipan var óbreytt frá fyrra starfsári:

Ekki voru haldnar samkeppnir á vegum félagsins á árinu en önnur verkefni samkeppnisnefndar á síðasta starfsári voru eftirfarandi:

Viðræður við Reykjavíkurborg

Samkeppnisefnd FÍLA var í viðræðum við verkefnisstjóra fyrir þróun Keldanlandsins allt frá því að ákveðið var að efna til alþjóðlegrar samkeppni um heildarþróun svæðisins. Veitt var ráðgjöf varðandi samkeppnisform og keppnislýsing lesin yfir. Einnig voru hugmyndir viðraðar um hugsanlegt samstarf FÍLA og AÍ um utanumhald samkeppninnar. Það urðu því vonbrigði þegar okkur var tilkynnt síðar að eingöngu yrði óskað eftir óformlegu samstarfi við fagfélögin og að dómnefnd hafi verið skipuð án fulltrúa fagfélaganna. Ekki sýst urðu mikil vonbrigði að uppgötva að í fjölskipaðri dómnefnd var enginn landslagsarkitekt. Formaður samkeppnisnefndar ásamt formanni FÍLA og fulltrúum AÍ áttu nokkra fundi með aðilum tengdum samkeppninni þar sem gerðar voru alvarlegar athugasemdir varðandi þessi atriði. Niðurstaðan var sú að skipuð var þriggja manna nefnd fagfélaga sem mun rýna tillögur og vera dómnefnd til ráðgjafar.

Fulltrúi FÍLA í ráðgjafanefndinni er Björn Ingi Edvardsson.

Vinnustofa um fyrirkomulag hönnunarsamkeppna

19. október 2022 var haldinn vinnustofa um fyrirkomulag hönnunarsamkeppna á vegum Miðstöðvar hönnunar og arkitektúrs og Ríkiskaupa. Um er að ræða samstarf Ríkiskaupa, Miðstöðvar hönnunar og arkitektúrs, Arkitektafélags Íslands, Framkvæmdasýslunnar - Ríkiseigna og Samtaka arkitektastofa um framtíðar fyrirkomulag hönnunarsamkeppna hins opinbera. Innkaup á hönnun í víðum skilningi gegna lykilhlutverki í opinberum útboðsverkefnum. Um þessar mundir stendur yfir umbótaverkefni fyrir bættu verklagi við undirbúning og framkvæmd hönnunarsamkeppna. Markmið verkefnisins er að leiða fram nýtt verklag við undirbúning og framkvæmd hönnunarsamkeppna af ýmsum toga sem samhugur ríkir um meðal kaupenda, þjóðenda og þjónustuaðila. Ólafur Melsted var fulltrúi Fíla á vinnustofunni. Til stóð að boða til framhaldsvinnustofu, sú vinnustofa hefur ekki átt sér stað.

Dómnefndarstörf FÍLA félaga

Aí óskaði eftir að FÍLA tilnefndi fulltrúa í samkeppni um Fossvogslaug. Svanhildur Gunnlaugsdóttir er dómnefndarfulltrúi FÍLA í samkeppninni.

Klasi þekkingarfyrirtæki í þróun fasteigna óskaði eftir tilnefningu fulltrúa Fíla í hönnunarsamkeppni Borgarhöfða, Akranesi. Ólafur Melsted var dómnefndarfulltrúi Fíla í þeirri samkeppni. Niðurstaða samkeppninnar liggur fyrir og voru tvær tillögur tilnefndar sem verðlaunatillögur, Henning Larsen og Hille Melby og SEN & SON. [Hönnunarsamkeppni Borgarhöfða \(borgarhofdi.is\)](https://borgarhofdi.is)

IV. MENNTANEFND FÍLA

Ásta Camilla Gylfadóttir (*formaður*), Ragnar Frank Kristjánsson og Hildur Dagbjört Arnardóttir.

Skýrsla menntanefndar FÍLA starfsárið 2022-2023.

Í menntanefnd FÍLA starfsárið 2022-2023 sátu Ragnar Frank Kristjánsson, Hildur Dagbjört Arnardóttir og Ásta Camilla Gylfadóttir (*formaður*)

Öll erindi sem bárust nefndinni vegna viðurkenningar á námi útskrifaðra landslagsarkitekt voru afgreidd í tölvupóstssamskiptum. Nefndin á að vera stjórn félagsins til ráðuneytis varðandi að fara yfir umsóknir um inntöku nýrra félaga og meta hvort umsækjandi uppfyllir menntunarkröfur í samræmi við lög félagsins.

Ennfremur bárust formanni nefndarinnar fyrirspurnir frá nemendum í BS-námi í landslagsarkitektúr um hvort viðkomandi skólar erlendis sem bjóða upp á mastersnám í landslagsarkitektúr uppfylli kröfur IFLA. Þessum fyrirspurnum var svarað.

25. apríl 2023

Ásta Camilla Gylfadóttir

V. IFLA FULLTRÚI

Fríða Björg Eðvaldsdóttir

Skýrsla ILFA fulltrúa FÍLA starfsárið 2022-2023.

1. Norræni fundurinn Helsinki 17. og 18. ágúst 2022

Fulltrúar frá stjórnnum landslagsarkitekta í Danmörku, Noregi, Svíþjóð, Íslandi og Finnlandi funduðu á tveggja daga löngum fundi í ágúst sl. Frá Íslandi mættu Ómar formaður og undirrituð IFLA fulltrúi. Helstu viðfangsefni voru umræður í samræmi við verkefnalista samstarfins. Seinni daginn var hópnum skipt upp og haldin málstofa um „Energy Landscape“ samhliða fundinum í öðru herbergi. Samþykkt málefni.

- *Norrænn fundur áætlaður á Íslandi/ Reykjavík 17. og 18. ágúst 2023.*
- *Leita hugmynda um tilnefningu til Sir Geoffrey Jellicoe viðurkenningar*
- *Veita stuðning til fulltrúa í störfum IFLA*
- *Virkan stuðning í verkefnavinnu -effektivitet, transparent og relavans.*
- *Vinna sameiginlega að skapandi hugmyndavinnu til styrktar útgáfu Landskab.*
- *Vinna að faglegri samantekt undir formerkjum Energy Landscape.*

Að ósk félagana voru tekin til umræðu málefni um **BIM**, hvaða forrit væri verið að nota og hugmyndir hvort hægt væri að koma upp sameiginlegum norrænum standard um layer grunni.

Hugmynd viðruð um að koma upp sameiginlegum norrænum product gagnabanka.

Menntun – sameiginlegt átak til að fjölga nemendum í landslagsarkitektúr. Rætt um að það þurfi að vera áhersla á að skólarnir sækji um IFLA credit.

2. IFLA Europe General Assembly í Helsinki 14.-16. október 2022.

Bold and beautiful landscapes for the next generation Europe



https://www.iflaeurope.eu/assets/docs/2022_IFLA_Europe_Resolution_Bold_and_Beautiful_Landscapes.pdf

Í tengslum við IFLA Europe aðalfundinn, sem var haldinn í Helsinki, hélt MARK Finland tveggja daga dagskrá með skoðunarferð og ráðstefnu undir yfirskriftinni „**Boldness and Beauty**“.

Formaður, IFLA fulltrúi og Hermann Georg sem gjaldkeri og stjórnarmaður í IFLA Europe mættu til að taka þátt, bæði á ráðstefnu og 33. fundi IFLA Europe. Frábær ráðstefna sem endurspeglaði hugrekki og fegurð í landslagsarkitektafaginu og haldin í fallegri umgjörð í Alvar Aalto háskólanum í Helsinki.



Aðalfundur IFLA Europe hélt áfram í beinu framhaldi og undir sömu yfirskrift. Hefðbundin fundardagskrá samanstendur á Pecha Kucha fyrirlestrum frá hverju landi á föstudagskvöldi og aðalfundardagskrá laugardag og sunnudag með skýrslum verkefna og skýrslum fulltrúa stjórnar þ.e. *vice president Communications, Education og Professional Practice*.

Í Pecha Kucha fyrirlestri var kynnt verkefni Landmótunar um útsýnispall á Bolafjalli, Út fyrir ystu nöf.

Kynnt var staða í helstu verkefnum fyrir starfsárið 2022-2023. Kynnt tillaga um hvernig afla megi viðurkenningar fyrir landslagsarkitekta, stuðning við nýútskrifaða landslagsarkitekta og umgjörð um fagsviðið. Landscape Architecture Mobility Platform- kynnt.

Sérstakur vinnuhópur um loftslagsbreytingar kynnti samantekt um líffræðilegan fjölbreytileika. Að vanda var svo samþykkt sérstök yfirlýsing um þema ráðstefnunnar **Bold and Beautiful landscapes for the next generation Europe**

Til að draga saman niðurstöður í ályktun fundarins má segja að: Landslagsarkitekta geta verið leiðandi í umbreytingu og mótun umhverfis og stutt þannig við velferð samfélags og náttúru. Að auki hafa þeir möguleika á að styrkja þá þætti sem auka á fegurð bæði í borgum og dreifðari byggðum.

Fegurð og siðfræðileg gildi eru hornsteinar landslagsarkitektúrs. Fagið stendur frammi fyrir nýjum áskorunum tengdum loftslagsbreytingum og stórtækum breytingum á landslagi. Hæfni landslagsarkitekta sem fagstéttar byggir á að samþætta fegurð og að vinna með þau menningarverðmæti sem felast í landslagi.



3M6

Iceland

Rural Landscape photo competition <https://iflaeurope.eu/index.php/site/general/rural-landscapes-photo-competition>

Kynnt var niðurstaða í ljósmyndasamkeppni sem European Landscapes Working Group stóð fyrir og 1. verðlaun fékk Alvaro Casanova frá Spáni.

En gleðitíðindi að sérstök tilnefning kom til Íslands þar sem Íris Reynisdóttir fékk viðurkenningu fyrir mjög áhrifaríka og sterka ljósmynd. Niðurstaða verður gefin út í sérstakri ljósmyndabók.

Vestre, ASUNI SOFT Lands design eru stuðningsaðilar IFLA Europe og voru með kynningar í Helsinki.

<https://www.youtube.com/watch?v=i5Nx1W3h0vo>

Hermann Georg gaf ekki kost á sér til frekari stjórnarsetu og var honum sérstaklega þakkað fyrir gott og langt samstarf.

Tengingar við IFLA Europe: Daníel ritari FÍLA hefur tekið að sér að senda fréttæfni og vera tengiliður við IFLA Europe Newsletter.

Fulltrúi Ungverjalands óskaði eftir meðmælum með íslenskum landslagsarkitekt til að halda fyrirlestur í Ungverjalandi og Gunnar Óli Guðjónsson tók það að sér.

3. IFLA World í Suður Kóreu 2022



Fundur og ráðstefna IFLA World var Suður Koreu, Hermann Georg sótti fundinn og var fulltrúi Íslands. Hermann gaf kost á sér í stjórn IFLA World og er nú starfandi sem gjaldkeri. Dagskrá í Gwanju þótti algjörlega frábær og skoðunarferðir til fyrirmýndar.

IFLA EXCO



Bruno Marques,
IFLA President

president@iflaworld.org



Hermann Georg
Gunnlauggson, IFLA
Treasurer


treasurer@iflaworld.org

Hermann Georg Gunnlauggson

4. IFLA World Congress verður í Stokkhólmi og Nairobi Kenya

Í ár er IFLA World Congress haldið dagana 28.- 30. september og ráðstefna haldin í samstarfi Svíþjóðar og Kenýa og fer fram samtímis á báðum stöðunum með skiptri málstofu á milli landa.

IFLA World fundurinn fer fram 25. og 26 september og verður í Nairobi með tengingu við fundarherbergi í Stokkhólmi



5. Á næstunni - fyrirhugað

Fundur landslagsarkitektafélaganna á Norðurlöndum verður haldin hér á landi í 17. og 18. ágúst og í tengslum við það málþing í Grósku þann 17. Ágúst.

Sir Geoffrey Jellicoe Award Norrænu þjóðirnar hafa ákveðið að sameinast í tilnefningu fyrir Geoffrey Jellicoe Award og sent inn meðmæli fyrir Thorbjörn Andersson landslagsarkitekt.

Energy landscape MARK Finnland, DL-Danmörku, EMAL Eistlandi, FÍLA Íslandi, NVTL Hollandi, LAAA Lettlandi, NLA Noregi og LKAS frá Lithaen og SA frá Svíþjóð hafa fengið samþykkt 3000 evru styrk til að styðja við hlutverk landslagsarkitekta í baráttu við loftslagsbreytingar. Verkefnið felst í að setja saman tillögur um bestu aðferðir til að vinna að skipulagi, hönnun, nátturuvernd og lífræðilegum fjölbreytileika fyrst og fremst við umhverfisvæna orkugjafa.

Verkefnið er að fara af stað og er hér með óskað eftir fulltrúa frá FÍLA til að taka þátt í þessu áhugaverða verkefni. Ísland þarf að taka virkan þátt og leggja fram tillögur inn í verkefnið.

Annað:

Rétt er að benda á að enn er möguleiki að senda inn verkefni sem verða til sýnis í Stokkhólmi í haust.

Hægt er að fylgjast með webinar fundum og ráðstefnum og verður í haust röð fyrirlestra um tengingar landslagsarkitektúrs við landbúnað og skógrækt. Og þess virði að fylgjast með dagatali IFLA World til að sjá hvað er á döfinni. <https://www.iflaworld.com/what-ifla-does>

Lokadagur til tilnefningar í Rosa Barba International verðlaunin er 30. maí.

Reykjavík 24.apríl 2023

Fríða Björg Eðvarðsdóttir IFLA fulltrúi

VI. FULLTRÚI FÍLA Í HÖNNUNARMÍÐSTÖÐ

Inga Rut Gylfadóttir

Skýrsla fulltrúa FÍLA í Hönnunarmiðstöð starfsárið 2022-2023.

MÍÐSTÖÐ HÖNNUNAR OG ARKITEKTÚRS

Miðstöð hönnunar og arkitektúrs er hreyfiafl sjálfbærrar verðmætasköpunar sem byggir á hönnun og arkitektúr. Miðstöðin stuðlar að auknu samstarfi milli hönnuða og fyrirtækja og vinnur að því að efla hönnunardrífna nýsköpun sem mótandi afl í samfélagi og atvinnulífi framtíðar á Íslandi. Miðstöðin starfar að þessum markmiðum samkvæmt samningi við stjórnvöld.

Miðstöð hönnunar og arkitektúrs hefur stofnað til og rekur HönnunarMars, DesignTalks, Hönnunarverðlaun Íslands, Hönnunarsjóð og Góðar leiðir. Auk þess vinnur miðstöðin að fjölda samstarfs- og kynningarverkefna á Íslandi og erlendis svo sem gerð hönnunarstefnu, Sustainordic, Nordic Sustainable Cities, Nordic Design Resource, WE LIVE HERE, Nordic Design Lunch. Sjá nánar heimasíðu miðstöðvarinnar.

Starfsfólk Miðstöðvarinnar eru:

Halla Helgadóttir Framkvæmdarstjóri, Álfrún Pétursdóttir Kynningarstjóri, Helga Ólafsdóttir Stjórnandi Hönnunarmars, Klara Rún Ragnarsdóttir Verkefnastjóri, Gerður Jónsdóttir arkitekt.

Í stjórn Miðstöðvarinnar sitja:

Formaður

Rósa Dögg Þorsteinsdóttir, innanhússarkitekt

Varaformaður

Þórunn Hannesdóttir, vöru- og iðnhönnuður

Gísli Arnarson, grafískur hönnuður

Helga Valfells, fjárfestir

Andri Snær Magnason, rithöfundur

Hluthafahópur/ ráðgjafahópur Miðstöðvarinna

Inga Rut Gylfadóttir, landslagsarkitekt FÍLA

Rósa Dögg Þorsteinsdóttir, innanhússarkitekt FHI

Þórunn Hannesdóttir, iðnhönnuður, FVI

Gísli Arnarson, grafískur hönnuður, FÍT

Erla Björk Baldurdóttir, fatahönnuður, FÍ
Ása Gunnlaugsdóttir, gullsmiður, FÍG
Brynhildur Þórðardóttir, Textíll,
Daði Harðarsson, leirlist, LÍ

Ný verkefni

Meðal nýrra verkefna sem unnin voru af MHA 2022 voru; Skapalón sem eru þættir um hönnun og arkitektúr fyrir ungt fólk og voru sýndir á RÚV á þriðjudagskvöldum í maí 2022, vinnustofa með Ríkiskaupum, Framkvæmdasýslunni, AÍ og aðilum innan MH&A í Grósku, markmiðið er að leiða fram nýtt verklag við undirbúning og framkvæmd hönnunarsamkeppna af ýmsum toga og Hringrás - málstofa og vinnustofa. Einnig var unnið hart að eflingu Hönnunarsjóðs, hugmyndir eru um að endurvekja Hönnuðir hittast/ Small Talks – mánaðarlega fyrirlestra um hönnun og arkitektúr og unnið var að samningi við Íslandsstofu um alþjóðleg verkefni og áherslur 2023.

Ár breytinga og nýrrar stefnu

Í kjölfar breyttra skipan á ráðuneytum í febrúar færðist málefni Miðstöðvarinnar alfarið á hendur Menningar- og viðskiptaráðuneytis. Vorið 2022 hóf menningar- og viðskiptaráðherra Lilja D. Alfreðsdóttir vinnu við gerð nýrrar stefnu á sviði hönnunar og arkitektúrs til ársins 2030 í samstarfi við Miðstöð hönnunar og arkitektúrs. Stefnan inniheldur framtíðarsýn og markmið sem ætlað er að auka lífsgæði, skapa verðmæti og auka sjálfbærni með markvissri áherslu á málefni hönnunar og arkitektúrs. Stefnan er unnin í breiðu samráði og þvert á ráðuneyti og öflugur hópur fag- og hagaðila hefur komið að vinnunni á öllum stigum. Hún birtist í samráðsgátt stjórnvalda í sumar og var svo kynnt á dögum. Ráðgert er að stefnunni verði framfylgt með tveimur aðgerðaáætlunum, en sú fyrri verður lögð fram sem þingsályktunartillaga síðar á árinu 2023.

Hönnuða- og arkitektatal

Í febrúar var nýtt yfirlit yfir starfandi hönnuði og arkitekta kynnt á heimasíðu Miðstöðvar hönnunar og arkitektúrs. Markmiðið er að auka sýnileika og auðvelda aðgengi og leit að hönnuðum og arkitektum. Allir hönnuðir og arkitekta sem skráðir eru á síðuna eru í fagfélögum hönnuða og arkitekta hér á landi.

Hönnunarverðlaun Íslands 2022

Á hverju ári stendur Miðstöð hönnunar og arkitektúrs að verðlaununum, í samstarfi við Hönnunarsafn Íslands, Listaháskóla Íslands, Íslandsstofu og Samtök iðnaðarins. Það var mikið um dýrðir í Grósku þann 17. nóvember þar sem fjöldi gesta fögnuðu framúrskarandi hönnun og arkitektúr á Hönnunarverðlaunum Íslands. Plastplan hlaut Hönnunarverðlaun Íslands 2022, Reynir Vilhjálmsson, landslagsarkitekt var valinn Heiðursverðlaunahafi Hönnunarverðlaunanna og Fólk Reykjavík hlaut viðurkenningu fyrir bestu fjárfestingu í hönnun. Hönnunarverðlaunin verða 10 ára í ár og strax eftir verðlaun 2022 var farið í að endurskoða verðlaunin. Markmiðið endurskoðunar verðlaunanna er að styrkja, efla og fjölga verðlaunum til að auka sýnileika, auka breidd, nýta betur tækifæri til kynninga og efla alþjóðlegar áherslur.

HönnunarMars í maí og DesignTalks á ný

Í fyrsta sinn í tvö ár fór HönnunarMars hátíðin fram án allra takmarkana dagana 4. - 8. maí. Yfir 100 sýningar, 400 þátttakendur og 250 viðburðir veittu innsýn inn í það helsta sem er að gerast á sviði hönnunar og

arkitektúrs á Íslandi og gáfu gestum ferskan innblástur inn í framtíðina. Marsinn er svo líklega kominn til að vera í maí enda fer hann einnig fram í byrjun maí 2023.

DesignTalks, fór fram fyrir fullu húsi í Hörpu þann 4. maí. DesignTalks hefur ekki verið á dagskrá hátíðarinnar síðustu tvö ár, vegna Covid, og var því kærkomið að geta haldið ráðstefnuna og opnað hið alþjóðlega samtal á nýjan leik eftir heimsfaraldur. Ráðstefnunni var í fyrsta sinn streymt í gegnum fjölmiðlasamstarfsaðila hátíðarinnar Dezeen. Dagskráin veitti gestum innblástur inn í nýja tíma frá skapandi hugsuðum og framtíðarrýnum sem vörpuðu ljósi á hvernig hönnun og arkitektúr geta tekið þátt í uppbyggingu og framþróun og verið hreyfiafl breytinga í sjálfbærni, hringrásarhugsunar, grænum umskiptum og nýsköpun. Frábær innlegg á sviði arkitektúrs var á hátíðinni og meðal þeirra sem fram komu voru Michael Pawlyn, frumkvöðull á sviði biomimicry og regenerative arkitektúrs, Anders Lendager, frumkvöðull í sjálfbærni og meðstofnandi arkitektastofunnar Lendager group, Tor Inge Hjemdal, framkvæmdastjóri DOGA, Stefán Laxness, arkitekt, fræði- og listamaður, áður starfandi hjá Forensic Architecture, sýnt var brot úr heimildarmyndinni Interment eftir Önnu Maríu Bogadóttur og Arnhildur Pálmadóttir hjá s. ap. arkitektum, sem vinna á mörkum sköpunar, tækni og vísinda.

Norræn hönnun í Norrænni Náttúru

Verkefnið er hluti af formennskuverkefni Íslands í Norrænu ráðherranefndinni, Gagnvegir góðir. MHA hefur stýrt verkefninu og verið í samstarfi við norrænar stofnanir og sérfræðinga. Verkefninu er nú lokið. Stefnt er að framhaldi á verkefninu í tengslum UIA, World Congress of Architecture í Kaupmannahöfn 2-6.júlí 2023. Stjórnandi verkefnisins er Anna María Bogadóttir sem er unnið í samstarfi við hönnuði og sérfræðinga frá Danmörku, Finnlandi, Grænlandi, Íslandi og Noregi þar sem rýnt er í arfleifð, samtímaverkefni og mögulegar framtíðarlausnir. Á síðunni má finna sjötíu dæmi um hannaða áfangastaði frá Norðurlöndum sem eru aðgengilegir almenningi og stuðla að aðgengi allra eða greiða leið að stöðum sem áður voru óaðgengilegir. Sjá nánar á www.natnorth.is

VII. ORÐANEFND FÍLA

Auður Sveinsdóttir (formaður), Áslaug Traustadóttir, Stefán Jónsson, Áslaug Katrín Aðalsteinsdóttir

Skýrsla orðunefndar FÍLA starfsárið 2022-2023

Orðanefndin hefur ekkert aðhafst á starfsárinu 2022-2023.

VIII. GARÐSÖGUHÓPUR FÍLA

Einar E Sæmundsen (formaður), Auður Sveinsdóttir

Skýrsla garðsöguhóps FÍLA starfsárið 2022-2023

Engin skýrsla um störf hópsins hefur borist til stjórnar.

IX. SIÐANEFND FÍLA

Pórólfur Jónsson (formaður), Erla Bryndís Kristjánsdóttir, Guðmundur Rafn Sigurðsson og

Áslaug Traustadóttir

Skýrsla siðanefndar FÍLA starfsárið 2022-2023

Siðanefndin hefur ekkert aðhafst á starfsárinu 2022-2023.